



ÞINGNEFND LIONSÞINGS 2019

Til: Lionsklúbba á Íslandi

Reykjavík 12.12.2018

64. Þing lionsumdæma 109A og B og fjöllumdæmis 109

Árlegt þing lionsumdæmanna 109 A, 109 B og fjöllumdæmis 109 verður haldið á Hótel Sögu dagana 26. og 27. apríl næstkomandi. Lionshreyfingin á Íslandi annast þingið.

Hér sendum við ykkur frumdrög að dagskrá og nokkrar upplýsingar um þingið og þingstörfín, einkum til þess að auðvelda væntanlegum þingfulltrúum að fylla út skráningareyðublað og kjörbréf. Það er afar mikilvægt að eyðublöð þessi séu vandlega útfyllt því þau liggja til grundvallar öllu skipulagi þingsins. Þessi gögn verða aðgengileg á www.lions.is í upphafi nýs árs og verða einnig send í rafpósti til allra klúbba.

Húsnæði þingsins

Þinghaldið verður í þingsölum Hótel Sögu

Gisting

Tekin hafa verið frá herbergi á **Hótel Sögu**. Þinggestir þurfa sjálfir að panta gistingu á hotelsaga@hotelsaga.is. **Einsmannsherbergi 17.900,- + gistináttagjald tveggja manna herbergi 21.000,- + gistináttagjald sem í dag er 300,-. Morgunverður fylgir.**

Þeir sem vilja nýta sér hótulgistingu þurfa að taka fram að pantað sé vegna LIONSÞING 2019, bókunarnúmer 190425 LION, b.t Snæbjörn Árnason, s.arnason@radissonblu.com. Nauðsynlegt er að panta gistinguna fyrir 26. mars 2019, annars verða frátekin herbergi seld öðrum viðskiptavinum.

Upplýsingar um verð á þinginu

Þinggjald	Kr. 12.000,-
Hádegisverður laugardag	Kr. 2.600,-
Kaffi og meðlæti e.h. föstudag	Kr. 1.500,-
Kaffi a.d. og meðlæti e.h. laugardag	Kr. 2.000,-
Kynningarkvöld, föstudag	Kr. 5.200,-
Lionshátíð, laugardag	Kr. 12.000,-

Þingjald

Þingjaldið skal greiða sérstaklega með innleggi á bankareikning nr. 0525-14-102431 kennitala: 640572-0869. Önnur gjöld, svo sem fyrir mat, kaffi, kynningarkvöld og Lionshátíð greiðist í síðastalagi við afhendingu þinggagna. Athugið að þingfulltrúar fá ekki afhent þinggögn séu þinggjöld ógreidd.

Drög að dagskrá (með fyrirvara um breytingar).

Athugið að þinghald er styttra en undanfarin ár.

Fimmtudagur 25. apríl

18:00 – 20:00 Skráning og afhending þinggagna á jarðhæð Hótel Sögu

Föstudagur 26. apríl

10:00 – 12:00 Skráning og afhending þinggagna á jarðhæð Hótel Sögu eftir það við þingsali 2.hæð Hótel Sögu

12:00 – 17:30 Skólar embættismanna (Formenn, ritarar, gjaldkerar og svæðisstjórar)

15:00 – 15:20 Kaffihlé

18:30 – 19:30 Þingsetning umdæmisþinga og fjölumdæmisþings. Neskirkja

20:30 – 23:00 Kynningarkvöld Súlnasalur – léttar veitingar

Laugardagur 27. apríl

08:30 – Skráning og afhending þinggagna við þingsali 2.hæð Hótel Sögu.

09:00 – 10:45 Umdæmisþing 109A og Umdæmisþing 109B

11:00 – 11:45 Fjölumdæmisþing MD109.

11:45 – 12:45 Hádegisverður

13:00 – 16:30 Fjölumdæmisþing framhaldið

13:00 – 16:00 Makaferð

14:50 – 15:10 Kaffihlé

19:30 – 01:00 Lionshátíð - Súlnasalur

Skráning

Nauðsynlegt er að skráningareyðublað sé rétt útfyllt og gefi sem gleggstar upplýsingar um óskir viðkomandi þingfulltrúa. Aðeins skal skrá einn þingfulltrúa á hvert eyðublað, en þau verða aðgengileg á heimasíðu Lions, www.lions.is. Skráningareyðublað og kjörbréf má senda í pósti til Margrétar Jónsdóttur, Kirkjuteigi 15, 105 Reykjavík, eða með tölvupósti á: maggaj@mmedia.is

Athugið að allar breytingar sem kunna að verða á skráningu þarf að tilkynna í tölvupósti til Margrétar Jónsdóttur, á netfang: maggaj@mmedia.is

Þingnefndin hvetur alla Lionsklúbba að efna til hópferðar á

Kynningarkvöldið þar sem allir Lionsfélagar eru velkomnir sem og á Lionshátíðina.

Kjörbréf

Samkvæmt 32. grein laga Lionsumdæmis 109 skal klúbbstjórn fylla út meðfylgjandi kjörbréf og skila með skráningu þingfulltrúa, í síðasta lagi 1. mars 2019. Í greininni segir:

- *Hver einstakur klúbbur, sem fengið hefur stofnskrá, og er skuldlaus við alþjóðasamtökin, umdæmi sitt og fjöllumdæmi, skal eiga rétt á að senda á fjöllumdæmisþing, fyrir sína hönd, einn (1) fulltrúa og einn (1) varamann fyrir hverja tíu (10) félagasæta eða meiri hluta þess fjölda, sem hafa verið á félagaskrá í a.m.k. eitt ár og einn dag í viðkomandi klúbbi samkvæmt skrá alþjóðaskrifstofunnar fyrsta dag þess mánaðar sem næstur kemur á undan þeim mánuði þegar þing er haldið. Sá meiri hluti, sem nefndur er í ákvæði þessu, skal teljast vera fimm (5) eða fleiri félagar.*
- *Hver einstakur vottaður fulltrúi, sem sjálfur er viðstaddur, skal eiga rétt á að greiða einungis eitt (1) atkvæði í kjöri til hvers embættis sem kjósa þarf í og einungis eitt (1) atkvæði fyrir hvert málefni sem lagt er fyrir viðkomandi þing. Sé ekki öðruvísi tilgreint í lögum þessum leiða atkvæði meirihluta fulltrúa, þegar greidd er atkvæði um málefni, til þess að atkvæðagreiðslan telst vera samþykkt þingsins. Allir kjörgengir fulltrúar verða að vera fullgildir og skuldlausir félagar í klúbbi sem er fullgildur og skuldlaus í umdæminu.*
- ***Vangreidd félagsgjöld má greiða og öðlast þannig fullgilda félagsaðild allt að 15 dögum áður en lokað er fyrir staðfestingu kjörbréfa, en tímamörk slíkrar lokunar ákvarðast af reglum viðkomandi þings.***

Afhending gagna

Samkvæmt ákvörðun Fjöllumdæmisráðs, þá skulu þingfulltrúar sjálfir prenta út öll þinggögn og hafa þau með sér til þings eða hafa þau tiltæk á sínum tölvum.

Önnur gögn verða afhent á Hótel Sögu fimmtudag 25. apríl kl. 18:00 – 20:00 og föstudagsmorgun 26. apríl kl. 10:00 – 12:00. Um leið verður tekið við greiðslum fyrir þátttöku skv. skráningareyðublaði. Við hvetjum alla þingfulltrúa sem geta komið því við, að sækja þinggögn sín tímanlega. Við vekjum athygli á því að **þátttakendur í ritaraskólanum þurfa að koma með fartölvu með þráðlausum internetaðgangi.**

Rétt er að ítreka að séu klúbbar í skuld við Alþjóðasambandið, fjöllumdæmið eða að þinggjöld hafi ekki verið greidd fá fulltrúar þeirra ekki afhent þinggögn.

Að lokum

Við leggjum ríka áherslu á að klúbbar skili skráningareyðublöðum og kjörbréfum og greiði þinggjöld sín **fyrir 1. mars n.k.** Vinsamlegast hafið samband við einhvern neðangreindra þingnefndarmanna ef óskað er frekari upplýsinga. Við bendum einnig á heimasíðu Lions. Við bjóðum þinggesti velkomna á Hótel Sögu og vonum að þingin 26. og 27. apríl nk. verði fjölmenn, skemmtileg og árangursrík.

Með Lionskveðju
Þingnefndin:

	<i>Sími</i>	<i>Netfang</i>
Hörður Sigurjónsson		hordsig@simnet.is
Margrét Jónsdóttir	6948086	maggaj@mmedia.is
Þór Steinarsson	8603516	thor_fjorgyn@simnet.is